

Tilgangur

Tilgangurinn er að lýsa þeim aðgerðum sem stjórnir, undirnefndir stjórna, stjórnendur og starfsmenn beita við innra eftirlit Sjóvá samstæðunnar þ.e. móðurfélagsins Sjóvá-Almennra trygginga hf. (Sjóvá) og dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. (Sjóvá líf) til þess að fylgjast með og tryggja árangur og skilvirkni í starfsemi félaganna. Reksturinn skal vera í samræmi við stefnu og markmið, lög og reglur og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um starfsemi váttryggingafélaga. Innra eftirlit Sjóvá samstæðunnar stuðlar að því að félögin nái markmiðum sínum og minnkar líkur á sviksemi í starfseminni.

Umfang

Stefna þessi nær til stjórna, endurskoðunarnefndar og annarra undirnefnda stjórna, stjórnenda og starfsmanna samstæðunnar sem bera ábyrgð á að framkvæma og halda utan um alla þætti innra eftirlits.

Stefna

Innra eftirlit samstæðunnar er ferli sem mótað er af stjórnnum, stjórnendum og starfsmönnum. Stjórnir bera endanlega ábyrgð á innra eftirliti. Stjórnir og stjórnendur samstæðunnar marka langtímastefnu og markmið fyrir hana. Árlega rýna stjórnir og stjórnendur stefnuna og marka línur fyrir komandi ár. Samstæðan hefur komið á virku innra eftirlitskerfi sem á að tryggja að félögin nái settum markmiðum þ.e. fjárhags- og stjórnunarlegum, að hún hafi aðgang að áreiðanlegum fjárhagsupplýsingum og starfi í samræmi við lög og reglur. Innra eftirlit er samheiti yfir ráðstafanir sem Sjóvá samstæðan hefur skilgreint til að ná markmiðum sínum.

- Samstæðan hefur komið upp samhæfðri áhættustýringu til að greina, meta og stýra áhættum sem fylgja starfseminni, þekkja einkenni áhætta og áhrif.
- Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að greina og meta áhættur sem tengjast einingum á þeirra ábyrgð.
- Stjórnendur og starfsmenn vinna í samræmi við stefnur, reglur og verkferla sem finna má í virku gæðakerfi samstæðunnar.
- Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits við gerð reikningsskila, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Innri endurskoðandi framkvæmir úttektir til að tryggja hæfilega vissu um að samstæðan nái árangri og skilvirkni í starfsemi sinni. Hann leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttá.
- Regluvörður hefur eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum stjórnenda, hlítinu við lög, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli.

Leiðir

- Áhættustýring er hluti af virku eftirlitskerfi samstæðunnar. Áhættustjóri hefur eftirlit með hlítinu við áhættustefnu, mælikvörðum hennar og kynnir stöðuna fyrir áhættu- og öryggisnefnd, endurskoðunarnefnd og stjórnnum reglulega.
- Stjórnendur hafa komið upp aðgerðum og mælaborðum til að tryggja eftirlit með markmiðum og stefnu samstæðunnar og grípa þeir til aðgerða ef þurfa þykir.
- Stjórnendur nýta sér samtímaeftirlit við innra eftirlit. Markmiðið er að eftirlit séu áhættumiðuð, leiði til vinnusparnaðar og/eða aukinna gæða.
- Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsmenn fylgi skráðu verklagi í gæðakerfinu við dagleg störf sín.
 - Gæðastjóri ber ábyrgð á að framkvæmdar séu reglulega innri úttektir til að sannreyna að unnið sé samkvæmt skráðu verklagi. Hann kynnir stöðuna reglulega fyrir áhættu- og öryggisnefnd og endurskoðunarnefnd.
- Fjárfestinganefnd gegnir lykilhlutverki í stýringu áhættu tengdri fjárfestingum.
 -
- Stjórn skal skipa endurskoðunarnefnd. Utanaðkomandi nefndarmenn skulu tilnefndir af aðalfundi.
- Stjórnir ráða innri endurskoðendur en endurskoðunarnefnd metur óhæði og hefur eftirlit með störfum þeirra. Niðurstöður innri endurskoðunar eru kynntar stjórnendum, afhentar og kynntar endurskoðunarnefnd til umsagnar áður en þær eru kynntar stjórnnum.

- Forstjóri skal ráða regluvörð og skal stjórn samþykkja ráðningu hans og er hann sjálfstæður í störfum sínum. Regluvörður ber ábyrgð á eftirliti með hlýtingaráhættu og að hún sé auðkennd og metin innan félagsins.

Stefna um innra eftirlit samþykkt af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. 22.10.2025 og stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. 23.10.2025